



## Bókun áheyrnarfulltrúa foreldra barna í grunnskólum Reykjavíkur

116. fundur skóla- og frístundaráðs, 22. mars 2017, [sjá fundargerð](#)

2. liður

**Varðandi innritun nemenda í framhaldsskóla og bréf mennta- og menningarmálaráðuneytisins um breytingu á reglugerð um innritun í framhaldsskóla.**

Áheyrnarfulltrúi foreldra grunnskólabarna telur brýnt að skóla- og frístundaráð skori á nýjan ráðherra menntamála að hann felli úr gildi heimild framhaldsskólanna í nýlegri reglugerð sem snýr að því að geta nýtt sér niðurstöður samræmdra könnunarprófa sem viðbótargögn við inntöku nemenda í framhaldsskóla. Áheyrnarfulltrúi foreldra telur varhugavert að gefa hæfnimiðuðum samræmdum könnunarprófum aukið vægi með þessum hætti, það er mótsögn við skilgreind markmið þeirra. Framhaldsskólarnir hafa ítrekað fullyrt að þeir séu fullfærir um að meta nemendur út frá hæfnimiðunum lokeinkunnum þeirra úr grunnskóla.